

Glass River ehf
b.t. Haralds Rúnars Bjarnasonar
Grensásvegi 7
108 Reykjavík

Reykjavík, fimmtudagur, 2. nóvember 2023
UST202310-120/S.V.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir kvikmyndatöku, drónaflugi og akstri utan vega innan og utan friðlýstra svæða.

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Haraldar Rúnars Bjarnasonar, f.h. Glassriver ehf, dagsett 10. október 2023 og viðbótargögnum sem bárust í kjölfarið fyrir a) kvikmyndatöku og drónaflugi innan náttúruvættisins Dyrhólaeyjar, b) aksturs utan vega í Dyrhólaey, c) aksturs utan vega vestan megin við Dyrhólaey, d) aksturs utan vega frá Þjóðvegi 1 að gömlu brúnni yfir Skeiðarársand og e) kvikmyndatöku og drónaflugs innan náttúruvættisins Álftaersgíga og f) aksturs utan vega að og á reiðleið (gamli Þjóðvegurinn), sem að hluta til er innan náttúruvættisins Álftaversgíga.

Álftaversgígar voru friðlýstir sem náttúruvætti með [auglýsingu nr. 105/1975](#). Bannað er að raska jarðmyndunum á svæðinu með efnistöku eða öðru. Óheimilt er að reisa mannvirki, sem spilla útliti gíganna eða breyta svipmóti þeirra á annan hátt. Umferð vélknúinna farartækja um svæðið utan vega er óheimil að nauðsynjalausum nema með leyfi Umhverfisstofnunar og bannað er að aka utan í gígunum.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 101/1978](#). Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt 4. kafla í [stjórnunar- og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug fjarstýrðra loftfara óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Jafnframt skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds skv. stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku og aksturs utan vega tímabilið 6. - 15. nóvember 2023. Áætlað er að kvikmynda innan náttúruvættisins Dyrhólaey, nánar tiltekið Háey, við vitann og húsin en einnig niðri í fjörunni vestan megin við eyna, á gömlu Skeiðarárbrúnni og innan náttúruvættisins Álftaversgíga. Óskað er eftir að loka veginum upp á Háey Dyrhólaeyjar þann dag og kvöld sem tükur fara fram á eyjunni. Sótt er um leyfi til að fljúga dróna í allt að 120 mera hæð, þar sem áætlað er að fljúga í sjö mínútur í senn eða í 1,5 klst. í heild hverjum stað. Óskað er eftir að koma fyrir rafstöð, sem yrði hlaðin með rafhlöðu, austan við vitahúsið í Dyrhólaey. Þá er óskað eftir að fara út fyrir öryggiskeðju á tveimur stöðum í Dyrhólaey, þar sem þaulvant fjallafólk verður til staðar og fulls öryggis verði gætt, eins og kemur fram í umsókn.

Óhjákvæmilegt mun vera að fara út fyrir merкта göngustíga á Dyrhólaey til að setja upp tókubúnað við vitann. Óskað er eftir leyfi til að aka bílum að vitanum á Háey, bæði með tæki og tól og eins að staðsetja tvo bíla sem hluta af leikmynd. Tækjabílar yrðu væntanlega þrír og þrír aðrir bílar notaðir í skutl. Eins er óskað eftir að vera með fjóra bíla við landvarðarhús.

Gert er ráð fyrir að um 40 manns muni taka þátt í verkefninu í og við Dyrhólaey og mun tjaldi að öllum líkindum verða slegið upp í fjörunum ásamt ferðasalerni. Áætlað er að 5 trukkan/aðstöðubílar og 15 öðrum bílum verði lagt á bílastæðinu á Háey en að í fjöruna fari allt að 10 jeppar. Færri bílar og mannskapur er áætlaður við Skeiðarárbrú og við Álftaversgíga og einungis áætlað að aka fjórhjóli á sandinum við gígana.

Akstur á söndunum sbr. hér að ofan mun verða takmarkaður eins og hægt er og munu ummerki verða afmáð með því að slóðadraga eftir hjólför og raka.

Með umsókninni fylgdu kort með merkingum og úskýringum fyrir áætlaðar tükur og akstur.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að utan vega aksturinn gæti haft neikvæð áhrif á umrædd svæði, en þar sem stefnt er að því að afmá för verða áhrifin að mestu afturkræf og tímabundin.

Svæðið í Dyrhólaey er mjög eftirsótt til útiveru og er því líklegt að verkefnið hafi í för með sér tímabundna truflun fyrir gesti. Umhverfisstofnun telur að verkefnið muni ekki skerða verndargildi svæðanna sé farið eftir ofan nefndum skilyrðum.

Bílar skulu halda sig innan slóða á Háey og ekki skal leggja þeim á grasbletti til að forðast gróðurskemmdir.

Þegar farið er utan stíga skal forðast gróðurskemmdir á þeim stöðum sem eru uppgefnir í umsókninni. Umsækjendur eru á eigin ábyrgð ef farið er nálægt bjargbrúnum utan stíga.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun veitir ekki leyfi til vegalokana en hefur bent Glassriver ehf á að leita til Vegagerðarinnar með þá beiðni.

Umhverfisstofnun veitir Glassriver ehf, fyrir sitt leyti, leyfi fyrir kvikmyndatöku, drónaflugs og akstri utan vega innan náttúruvættanna Dyrhólaeyjar og Álftaversgíga svo og á sandinum vestan megin við Dyrhólaey, frá Þjóðvegi 1 að gömlu Skeiðarárbrúnni og á sandinum við reiðleiðina við Álftaversgíga að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðunum hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Leitast skal við að fara eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Athuga skal ástand jarðvegs áður en farið er út fyrir göngustíga hvort hann þoli ágang og ef hann er vatnssósa skal tókulið halda sig á stígum.
- Þar sem farið er út fyrir öryggisgirðingu í Dyrhólaey skal gæta varúðar að raska ekki lundaholum sem þar eru staðsettar.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðin.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Vanda skal við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá skal öll ummerki kvikmyndatökunnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan friðlýstu svæðanna.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðin og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.

Akstur bifreiða

- Einungis skal aka bifreiðum að vitanum í Dyrhólaey eftir stíg sem fyrir er á svæðinu. Óheimilt er að leggja bifreiðum á graslendi við vitann.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin/auglýsingin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.

- Einungis skal aka þeim bifreiðum að tökustað og eftir þeim leiðum sem skilgreindar voru í verklýsingu. Afmá skal öll hjólför utan vega að verkefni loknu.
- Allur akstur utan vega, annar en sá sem tilgreindur er í umsókn umsækjanda, er bannaður.
- Önnur farartæki en þau sem sótt er um heimild fyrir til að aka utan vega vegna kvikmyndatökunnar er ekki heimilt að aka leiðina sem sótt er um.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Fjarlægja skal öll ummerki um akstur utan vega að verkefni loknu.

Drónaflug vegna kvikmyndatöku

- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðianna og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Óheimilt er að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerð og/eða myndatöku er kr. 76.000 sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar varð umfangsmeiri en gert er ráð fyrir í grunngjaldi. Í gjaldskrá er gert ráð fyrir að vinna við afgreiðslu umsóknar um leyfi til kvikmyndagerðar og aksturs utan vega á friðlýstu svæði sé fjórar klukkustundir. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar varð samtals 5 tímar. Gjald fyrir umframvinnu er kr. 19.000.- hver klukkustund. Umhverfisstofnun áformar því, á grundvelli 3. mgr. 29. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 206/2023, að innheimta samtals **kr. 95.000** fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

René Biasone
svæðissérfræðingur